



Association Internationale Aphasie (AIA)

Málstol er málröskun.

Fólk sem þjáist af málstoli getur átt við örðugleika með að **tala, skilja, lesa, skrifa og reikna.**

Heilaskaði er alltaf **orsök** málstols. Í flestum tilfellum er það **heilablóðfall**, en getur einning verið **slys** eða **æxli** sem orsaka málstol.



Þegar manneskja verður fyrir heilablóðfalli, verður **skyndilega** truflun á **blóðstreyminu** í heilanum. Þetta getur gerst á tvo vegu: Æð **stíflast** eða byrja að **leka**.



Stifflur:

Ástæða fyrir stíflun æða er **þykkun í æðaveggnum** (æðasegamyndun) eða **blóðtappa** (blóðreksstífla). Þetta er kallað heilastífludrep.

Leki:

Mjúkur punktur getur myndast inni blóðæð (slagæðargúlpur), þessi punktur getur **orðið gljúpur** og byrjað að **leka** eða **sprungið**. Þetta er kallað heilablæðing.



Læknar kalla heilablóðfall CVA: **Cerebral Vascular Accident**.

Tungumál hefur mikilvægu hlutverki að gegna í okkar daglegu lífi. Við **tölum** við annað fólk, við **lesum** dagblaðið, við **vinnum** og við **lærum**. Við notum einnig tungumálið til að skýra út **hugsanir** okkar og til að **búa til framtíðaráætlanir**.

Fólk sem þjáist af málstoli getur átt við **vandamál** með hluti sem áður fyrr voru hversdagslegir:

- Eiga í samræðum
- Að tala í félagskap eða í hávaðasömu umhverfi
- Lesa bók, dagblað eða tímarit, eða jafnvel umferðaskyldi
- Skilja og segja brandara
- Skilja sjónvarps- eða útvarpsþætti
- Skrifa bréf eða fylla út eyðublöð
- Hringja úr síma
- Reikna, muna tölur eða höndla peninga
- Segja eigið nafn eða nöfn fjölskyldumeðlima



Fólk sem þjáist af málstoli á í örðugleikum með tungumál, en eru ekki **vitstola!** Flest fólk sem þjáist af málstoli finnur að líf þeirra hefur **breyst** mikið. Hlutir sem áður fyrr voru auðveldir, taka nú meiri **tíma og vinnu**. Margt fólk sem þjáist af málstoli er **óöruggt** og hafa **áhyggjur** af áframhaldinu. **Hjálp** og **stuðningur** frá umhverfinu er þess vegna mikilvægur. Að hitta annað fólk sem þjáist af málstoli hjálpar einnig. Fólk sem hefur málstol **skilur** hvort annað líka **án orða**.

Hvað getur þú gert sjáfur?

- **Segðu fólki** frá ef þú þjáist af málstoli
- Hafðu **lítið kort** með þér, sem segir hvað málstol er
- Notaðu **látbragð, teikningar, skrift eða bendingar** ef samtalið gengur ekki vel.
- Spurðu fjölskyldu eða vini um **hjálp**
- **Gerðu áætlun í tíma**, búðu þig undir samtal á pappír eða hugsun
- Deildu áhyggjum þínum með öðrum, ekki bera áhyggjuna þína einsamall



látbrag



ð teikningar



skrift



bendingar